

## Lyfjaskírteini – vinnureglá

### Sykursýki af tegund 2

ATC flokkur: A10AE54 – insulin glargine og lixisenatide (Suliqua®)  
A10BJ02 – liraglutid (Victoza®)  
A10BJ06 – semaglutide (Ozempic® og Rybelsus®)

Dagsetning: 1. nóvember 2023

---

#### Skilyrði fyrir greiðsluþáttöku:

Sykursýki af tegund 2.

#### Einnig þarf eitt af eftirfarandi skilyrðum að vera uppfyllt:

- Ófullnægjandi blóðsykursstjórnun, það er langtímasýkur (HbA1c) sé skv. nýlegri mælingu (ekki eldri en 2 vikna) > 48 mmol/mol, þrátt fyrir að meðferð með sykursýkislyfjum með almenna greiðsluþáttöku hafi verið reynd í fullum skömmum í 6 mánuði eða lengur. Tilgreina skal í umsókn hvaða lyf hafa verið reynd, í hve langan tíma og skýra frá áhrifum lyfjameðferðar á langtímalblóðsykur.

eða

- Mjög alvarlegur lífsógnandi undirliggjandi sjúkdómur krefjist með höndlunar s.s. alvarlegur hjarta- og æðasjúkdómur, hjartabilun eða staðfestur kransæðasjúkdómur með þræðingu, heilablóðfall/TIA, fyrri aðgerð eða fyrirhuguð aðgerð vegna útæðasjúkdóms eða alvarlegur lifrar-eða nýrnasjúkdómur.

Tekið verður tillit til þess ef sykursýkislyf með almennri greiðsluþáttöku séu ekki valkostur vegna frábendinga; s.s. ofnæmis fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna, nýrnabilun, lifrabilun o. fl. Sjúkdómur sem veldur frábendingu skal staðfestur með vottorði og/eða rannsóknarniðurstöðum. Ekki er tekið tillit til þess ef aukaverkanir sykursýkislyfja koma fram en þá skal reyna meðferð með öðru lyfi. T.d. ef aukaverkun af metformín kemur fram þá þarf að reyna annað lyf í ATC flokki A10, eftir því sem á við.

#### Gildistími:

- 3 ár